

Samstarfshópur um þjóðgarð á Vestfjörðum

Fjórði fundur samstarfshóps (fundað á Teams) – 1. desember 2020. Fundur hófst kl. 13:30.

Fundinn sátu: Birgir Gunnarsson f.h. Ísafjarðarbæjar, Freyja Pétursdóttir og Edda Kristín Eiríksdóttir f.h. Umhverfisstofnunar, Rebekka Hilmarsdóttir f.h. Vesturbyggðar, Rúnar Leifsson f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sigurður Örn Þorleifsson f.h. forsætisráðuneytis, Steinar Kaldal f.h. umhverfis- og auðlindaráðuneytis

Forföll boðuð: Þuríður Yngvadóttir f.h. Landgræðslusjóðs.

Þetta gerðist:

1. Umræða um fjarfund/kynningarfund vegna verkefnisins

Samstarfshópur ákvað að boðað yrði til kynningarfundar (fjarfundar) um áformaðan þjóðgarð. Þar yrði verkefnið kynnt auk þess sem boðið yrði upp á spurningar. Taldi hópurinn þetta mikilvægt til að auka sýnileika verkefnisins enn frekar. Lagt var til að einnig yrði verkefnið kynnt sérstaklega fyrir bæjarfulltrúum sveitarfélaganna með boðun fjarfundar um málið.

2. Yfirferð innkominna athugasemda

Farið var yfir athugasemdir sem Umhverfisstofnun hefur borist vegna áforma um stofnun þjóðgarðsins.

3. Yfirlit skýrslu/greinargerðar

Farið var yfir efnispætti skýrslu sem hópurinn mun skila til umhverfis- og auðlindaráðherra á vordögum.

4. Yfirferð skilmála

Farið var yfir fyrstu drög að friðlýsingarskilmálum fyrir áformaðan þjóðgarð.

Fleira gerðist ekki og fundi lauk kl. 15:00.